

20 Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Dalvíkurhrepps samkvæmt lögum  
17. febr. nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

21

4. marz

## AUGLÝSING

um breytingu á fyrirmælum um aðalbrautir og umferð af öðrum vegum  
inn á þær, nr. 68 3. apríl 1950.

4. töluliður 1. gr. orðist svo:

*Flugvallarvegur* á Keflavíkurflugvelli frá vegamótum Hafnavegar að gisti-  
húsinu og þaðan áfram gegnum aðalíbúðarhverfið að mótuneyti starfsmanna  
vallarins.

Breyting þessi, sem gerð er með heimild í 7. gr. umferðalaga, nr. 24 16. júní  
1941, öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 4. marz 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Páll Pálmason.*

22

3. marz

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð dr. phil. Ólafs Daniélssonar og Sigurðar Guðmundssonar arkitekts“, útgefin á venjulegan hátt að mandatunum af dómsmálaráðherra 3. marz 1954.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð dr. phil. Ólafs Daniélssonar og Sigurðar Guðmundssonar arkitekts.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Verðlaunasjóður dr. phil. Ólafs Daniélssonar og Sigurðar Guðmundssonar arkitekts“ og er stofnaður árið 1954 af Svanhildi Ólafsdóttur Daniélssonar, konu Sigurðar Guðmundssonar arkitekts.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er hálf húseignin Hagamelur 21 í Reykjavík (með þeim kvöðum, sem á eigninni hvíla), en ágóða af eigninni skal verja samkvæmt tilgangi sjóðsins, sbr. 3. gr. a—c.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

a. Að verðlauna íslenzkan stærðfræðing, stjörnufræðing eða eðlisfræðing. Skal verðlaununum úthlutað án umsókna og í fyrsta sinn 31. okt. 1955, á 78 ára

afmæli dr. phil. Ólafs Danielssonar, tuttugu þúsund kr. Heita verðlaunin 22  
 „Verðlaun Ólafs Danielssonar“. Þeim má ekki skipta. Úthlutun fer fram 3. marz  
 þriðja hvert ár, í annað hvort skipti samkvæmt 3. gr. a, en í annað hvort skipti  
 samkvæmt 3. gr. b. Úthlutunarupphæðirnar a og b eru ætíð jafnar innbyrðis.  
 Úthlutun 1955 kallast 1. úthlutun a, en 1958 1. úthlutun b, 1961 2. úthlutun a  
 o. s. frv.

- b. Að verðlauna teikningar íslenzkra arkitekta að nytsömum byggingum í landinu  
 eða skipulagningu innanbæjar í Reykjavík, að undangenginni samkeppni.  
 Heita verðlaunin „Verðlaun Sigurðar Guðmundssonar“. Stofnandi sjóðsins  
 áskilur sér og manni sínum, meðan annars hvors þeirra nýtur við, rétt til að  
 ákveða verkefni það, sem um ræðir í hvert sinn, en eftir þeirra dag Húsameist-  
 arafélagi Íslands. Augljóst skal um samkeppnina hálfu ári fyrir úthlutun. Leita  
 skal tillagna dómnefndar, er Húsameistarafélag Íslands skipar samkvæmt regl-  
 um félagsins um samkeppni.
- c. Eftir fyrstu úthlutun og síðan (þ. e. í fyrsta sinn árið 1961) má veita aukaverð-  
 laun úr sjóðnum, er samtals nemi helmingi aðalverðlauna. Við úthlutun a. skal  
 styrkja stúdent úr stærðfræðideild Menntaskólans í Reykjavík, en við úthlutun  
 b. skal styrk úr sjóðnum varið til verndunar þjóðminja og leita tillagna þjóð-  
 minjavarðar.

#### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: prófessor í stærðfræði við Háskóla Íslands, rektor  
 Menntaskólans í Reykjavík og skrifstofustjórinn í menntamálaráðuneytinu

#### 5. gr.

Menntamálaráðuneytið sér um vörzlu sjóðsins, birtir reikninga hans í Lögbert-  
 ingablaðinu fyrir 1. apríl ár hvert og heldur gerðabók fyrir sjóðinn.

#### 6. gr.

Stofnandi sjóðsins áskilur sér rétt til þess, innan næstu 10 ára, að gera tillögur  
 um breytingar á skipulagsskrá þessari, þó svo, að þær haggi í engu tilgangi sjóðsins  
 í höfuðatriðum.

#### 7. gr.

Sjóðurinn afhendist 1. apríl 1954.

#### 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.